



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Haldinn 3. febrúar 2021 með fjarfundarhugbúnaðinum zoom og hófst 20:00

Fundinn sátu: Árni Áskelsson (ÁÁ), Hulda Stefanía Hólm (HH), Markús Pétursson (MP), Jón Kristinn Þórsson (JK), Ólafur St. Arnarsson (ÓA), Sigurður Ragnar Guðmundsson (SG), Tryggvi Jónsson (TJ).

Dagskrá

1. Greiða atkvæði um fundargerðir

Fundargerðir 24 og 25 samþykktar

2. Aðalfundur, skýrslur, skipulag og boðun

Enn verið er að leggja lokahönd á skýrslu stjórnar.

Spyrja þarf forvarnarfulltrúa Hafnarfjarðar út í hvernig fjárhagslegum aðskilnaði barna og fullorðinna skuli háttað. (HH)

3. Staðan á stóra gæslubátnum

Heimir hjá Marinetek bauð lægra í viðgerð en Suzuki verkstæðið. Samþykkt að kaupa varahlutina hjá Suzuki umboðinu en láta Heimi um viðgerðina.

4. Skýjaborgarmál

Fyrri stjórn eyddi töluverðum fjárhæðum í efniskaup til að gera upp bátinn Skýjaborgin sem núverandi stjórn er enn óljóst hver á. Ákveðið að leita álits hjá ÍBH um það hvort svona starfshættir teljist ámælisverðir.

5. Ábendingarformin

Engin. Þarf að kynna betur. (MP)

6. Önnur mál

TJ vill leggja fyrir aðalfund undir liðnum önnur mál að stjórn skoði kaup á Stjörnunni.

Útbúa þarf tillögu fyrir aðalfund þar sem lagt er til að sú aðstöðunefnd sem samþykkt var í síðasta aðalfundi er lögð niður og aðra tillögu þar sem nýskipuð aðstöðunefnd er samþykkt. (MP)

Nýja aðstöðunefndin á fund með Nökkva á næstu dögum.

Næsti stjórnarfundur boðaður fljótlega.

Fundi slitið klukkan 21:05